



Nemendur með hreyfihömlun
í grunnskóla
þættir sem skipta máli



Útgefandi: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 2012

Höfundar: Björk SteingrÍmsdóttir, iðjupjálfi
Þórunn R. Þórarinsdóttir, iðjupjálfi

Hönnun: H2 hönnun ehf.

Prentun: Prentsmiðja Guðjón Ó.

Efnisyfirlit

Íslenskt skólakerfi	4
Umhverfi og áhrif þess á þátttöku	5
Skólaumhverfi.....	5
Nemendur með hreyfihömlun í skólastarfi.....	6
Þættir sem skipta máli	7
Að skrifa	
Að vinna heimaverkefni	
Tölvur	
Aðgengi að skóla	
Aðgengi í skólastofu	
Góð vinnuaðstaða skiptir sköpum	
Félagsleg þátttaka	14
Frímínútur	
Íþróttir og sund	
Vettvangsferðir	
Stuðningur - spyrjum börnin.....	16
Síðast en ekki síst.....	17
Ritaskrá	19

Á uppvaxtarárum sínum verja börn stórum hluta dagsins í skólanum og gegnir hann veigamiklu hlutverki í að búa börn undir virka þátttöku í samfélaginu á fullorðinsárum. Í skólastarfinu er meðal annars ætlast til að barnið sýni færni í að vinna sjálfstætt, taki sjálfstæðar ákvarðanir og taki ábyrgð á eigin hegðun. Eftir því sem ofar dregur í skólakerfinu verða vinirnir mikilvægari og áhrif foreldra óbein.

Íslenskt skólakerfi

Hlutverk grunnskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda í samvinnu við heimilin. Í skólastarfi skal leggja grunn að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við hæfi í hvetjandi námsumhverfi í húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, fyrirkomulag skólastarfs, námstílhögun og aðrar ákvarðanir er snerta þá.

Í aðalnámsskrá segir að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Auk þess skal skólastarfið taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.

Umhverfi og áhrif þess á þátttöku

Sérhvert umhverfi býður upp á ótal tækifæri, styrkleika, kröfur og höft. Umhverfið getur jafnt ýtt undir sem hamlað þátttöku nemenda. Hvetjandi umhverfi hefur tilhneigingu til að ýta undir og auka framkvæmdagleði og athygli. Á sama hátt getur of lítið hvetjandi eða örvandi umhverfi ýtt undir að einstaklingurinn þjáist af leiða og áhugaleysi. Of litlar væntingar og kröfur til barna með hreyfihömlun geta haft hamlandi áhrif á þátttöku þeirra og möguleika til að þroskast, þannig að þau fái ekki að sýna hvað í þeim býr. Þegar kröfurnar frá umhverfinu eru of miklar er hættu á að einstaklingurinn fyllist kvíða eða vonleysi. Sama umhverfi getur verið hæfilega krefjandi fyrir einn, of lítið fyrir annan og of mikið fyrir þann þriðja.

Skólaumhverfi

Skólaumhverfið getur haft afgerandi áhrif á aðstæður nemenda með hreyfihömlun þannig að þeir verði virkir þátttakendur í leik og námi með skólafélögunum.

Með skólaumhverfi er átt við bæði efnislegt og félagslegt umhverfi þar sem nemandinn stundar sitt nám. Efnislegir þættir eru húsnæði skólans, skólalóð ásamt verkfærum og tækjum sem nemendur nota. Félagsglegir þættir eru til dæmis samskipti við skólafélaga, bæði í frímínútum og í bekkjarstarfi.

Með þátttöku í skólastarfi er átt við þátttöku nemandans við mismunandi aðstæður í skólanum, til dæmis í skólastofunni, á skólalóð, göngum, leikfimisal og í vettvangsferðum.



Þetta þarf ég m.a. að gera á sama tíma og skólafélagarnir

- Komast inn í skólann
- Klæða mig úr útifötum
- Komast að sætinu mínu
- Draga stólinn frá borðinu
- Setjast í sætið mitt
- Ýta stólnum að borðinu
- Átta mig á hvaða námsgrein er að byrja
- Finna viðeigandi gögn
- Taka upp úr skólatöskunni
- Koma bókum fyrir á vinnuborðinu
- Opna pennaveskið
- Taka skriffæri í hönd
- Skipuleggja verkefnavinnuna
- Hlusta á kennarann samtímis öllu þessu
- Halda athygli og einbeitingu við vinnuna
- Taka þátt í samræðum um námsefnið.

Nemendur með hreyfihömlun í skólastarfi

Börn með skerta hreyfifærni geta átt í erfiðleikum með ýmsar athafnir í skólanum. Innlendar og erlendar rannsóknir á þátttöku þeirra í skólastarfi sýna að þau þurfa aðlögun við flest verk í skólanum. Nemendur með hreyfihömlun hafa mismunandi færniskerðingu sem hefur í för með sér minnkaða hreyfifærni. Hreyfihömlunin getur stafað af heilalægri lömun (cerebral palsy), klofnum hrygg (spina bifida), vöðvasjúkdómum eða öðrum sjúkdómum.

Það eru mörg verk og verkþrep sem nemandi þarf að framkvæma á venjulegum skóladegi. Nemendur með hreyfihömlun vinna oftast hægt og eru því lengur að gera hlutina, en þurfa oftast að ná að gera hlutina á sama tíma og aðrir. Ef nemandinn nær ekki að gera það sem ætlast er til af honum á tilskyldum tíma, getur það haft þær afleiðingar að hann er alltaf að keppast við. Þetta hefur í för með sér aukið líkamlegt álag þannig að nemandinn er orðinn útkeyrður og þreyttur í lok skóladagsins og á erfitt með að einbeita sér og halda athygli. Þegar heim er komið sýnir barnið skapsveiflur og hefur t.d. lítið úthald í heimavinnu.

Því er mikilvægt að skoða umhverfið í heild sinni og aðlaga verkefni og vinnuáðstöðu að færni og getu nemandans. Ef ekki er hugað að þessum málum er hættu á að nemandi byggji upp kvíða og vonleysi eða hreinlega gefist upp.

Poettir sem skipta máli

Rannsóknir sýna að nemendur með hreyfihömlun meta best sjálfir þörf sína fyrir aðlögun í skólastarfi, m.a. við að skrifa, taka próf, vinna heimaverkefni, taka þátt í bekkjarstarfi sem og íþróttum og sundi. Jafnframt meta nemendur það svo að skólinn mæti ekki þörfum þeirra fyrir aðlögun við að skrifa, við aðgengi að skólanum og þátttöku í vettvangsferðum.

Að skrifa

Stór hluti skólaverka reynir á fínhyfivinnu og þar af er skrifleg verkefnavinna stærsti hlutinn. Rannsóknir sýna að nemendur með hreyfihömlun í öllum aldurshópum þurfa aðlögun við að skrifa.

Það er mjög breytilegt hvernig nemendur með hreyfihömlun standa í skrift. Sumir geta skrifað allt sjálfir en það tekur þá langan tíma og þeir þreytast ef þeir þurfa að skrifa mikið, aðrir svara öllu munnlega og stuðningsfulltrúi skrifar svarið. Mikilvægt er að ákveða með hverjum og einum nemanda hvaða úrræði hentar best þannig að nemandinn sé sáttur við hvernig hann vinnur skrifleg verkefni.

Aðlögun getur t.d. falið í sér að nemandinn:

- Fá útprentaðar glósur fyrir tímenn
- Noti tölvu og viðeigandi forrit
- Hafi aðlögun á skriffæri, t.d. sérstakt grip
- Leysi t.d. annað hvert dæmi í stærðfræði
- Svari 2/3 skriflegra spurninga í verkefni
- Svari munnlega og aðstoðarmaður skrifar
- Taki munnleg próf
- Hafi sér prófaðstöðu



Að vinna heimaverkefni

Mikill tími getur farið í heimanám. Foreldrar tala um að lítill tími sé fyrir samveru og helgarnar fari jafnvel í að hjálpa barninu með heimanámið. Því er mælt með að kennari og foreldrar skoði saman hvaða fyrirkomulag hentar hverjum og einum. Meðal annars þarf að meta hvort barnið geti unnið heimanámið sem mest í skólanum. Fyrir þá sem nota tölvur getur verið hjálp í að fá verkefnabækur á tölvutæku formi með sér heim á USB lykli eða að kennari sendi verkefni heim í tölvupósti.

Skólataskan getur verið þung og þyngist gjarnan eftir því sem barnið eldist. Fyrir þá nemendur sem eiga erfitt með að halda á skólatöskunni getur lausnin t.d. verið sú að hafa skólatösku á hjólum. Önnur lausn getur verið að nemandinn sé með tvöfalt sett af bókum, eitt heima og annað í skólanum. Þá þarf nemandinn að hafa skáp í skólanum til að geyma bækurnar og þarf skápurinn að vera staðsettur þar sem nemandinn kemst auðveldlega að honum.

Tölvur

Tölva getur verið mikilvægt hjálpartæki fyrir nemendur með hreyfihömlun, hvort sem þeir vinna hægt, eiga erfitt með að skrifa og/eða þreytast við verkefnavinnu. Að nota tölvu við vinnu getur ýtt undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði. Fyrir nemendur sem eiga erfitt með einbeitingu getur vinna í tölvu rammað inn verkefni og þar með skerpt einbeitingu við vinnu. Mælt er með því að nemandinn hafi fartölvu út af fyrir sig sem hann getur gripið í eftir þörfum. Mikilvægt er að undirbúa verkefni, sem vinna á í tölvunni, fyrirfram þannig að tíminn nýtist vel og vinnan verði markviss. Ekki er rétt að taka tíma af kennslustundum í undirbúningsvinnu námsefnis. Skólastjórnendur þurfa að sjá til þess að kennari eða sérkennari og stuðningsaðili hafi sameiginlegan undirbúningstíma til að skipuleggja og útfæra námsefnið. Kennari eða sérkennari ber alltaf ábyrgð á námsefninu.



Aðlögun getur t.d. falið í sér að nemandinn:

- Hafi verkefnabækur á tölvutæku formi. Bæði er hægt að skanna inn verkefni og fá aðgang að námsefni á rafrænu formi hjá Námsgagnastofnun. Svo hægt sé að nýta sér þetta úrræði þarf að nota sérstakt forrit, t.d. Foxit Reader sem hægt er að fá ókeypis á netinu, (sjá síðu TMF Tölvumiðstöðar, www.tmf.is). Forritið opnar skjöl sem eru á PDF formi og getur nemandinn þá skrifað svörin beint inn, vistað þau og prentað út.
- Hafi flýtilyklaborðasafn, en það hentar vel fyrir þá sem skrifa mjög hægt. Nemandinn byggir upp eigin banka af þeim orðum sem hann notar oftast.
- Hafi aðlögun á jaðarbúnaði eins og lyklaborði, mús eða stillingum á skjá. Slík aðlögun getur skipt sköpum um að nemandinn geti unnið sjálfstætt að verkefnum í tölvu. Í leiðsagnarforriti aðgengis (Accessibility Wizard) í Windows er hægt að aðlaga ýmsar stillingar í tölvunni.
- Hafi spjaldtölvu sem m.a. getur gagnast nemendum sem eru með minnkaðan vöðvastyrk í höndum og/ eða þeim sem eiga erfitt með að tjá sig. Tölvun er létt og því auðveld að taka með sér og ekki þarf mikinn kraft til að virkja snertiskjáinn. Skjályklaborðið er kjörið fyrir þá nemendur sem eingöngu ná að hreyfa hendur yfir lítinn flöt. Einnig er hægt að fá þráðlaus lyklaborð við spjaldtölvu. Vert er að hafa í huga að spjaldtölva leysir enn ekki af hólmi hefðbundna tölvu við skólatengda verkefnavinnu. Spjaldtölvur hafa mismunandi hugbúnað og við val á tegund þarf að meta þarfir barnsins vandlega. Til hvers á að nota tækið? Við skrifleg verkefni, tjáningu eða til að stjórna eigin umhverfi eins og að opna lyftu í skólanum eða kveikja á sjónvarpinu heima?

TMF Tölvumiðstöð veitir ráðgjöf sem getur falið í sér mat á þörf fyrir tölvubúnað, val á búnaði, prófun og leiðsögn í notkun búnaðar. Ráðgjöfin er fólki að kostnaðarlausu. Haldin eru námskeið reglulega um lausnir og notkun ýmissa forrita. Sjá nánar um námskeið og þjónustu TMF á www.tmf.is



Aðgengi að skóla

- Þ merki við inngang
- Notaðu sama inngang og bekkjarfélagarnir
- Sjálfvirkar útihurðir/hurðaofnarar
- Lyftur ólæstar eða með sérútbúnaði
- Aðstaða í fataklefa
- Staðsetning kennslustofu
- Geymsluaðstaða fyrir hjálpartæki sem eru notuð úti

Aðgengi að skóla

Mikilvægt er að undirbúa skólagöngu barnsins vandlega frá upphafi. Að mörgu þarf að hyggja.

Nauðsynlegt er að kanna aðgengi að skólanum, bæði á skólalóðinni og inni í skólabyggingunni. Á skólalóðinni þarf að vera sérmerkt **bílastæði fyrir fatlaða** nálægt aðalinngangi skólans. Skólalóðin þarf að vera þannig úr garði gerð að nemandi í hjólastól og þeir sem eiga erfitt með að ganga geti farið um hana án erfiðleika.

Mikilvægt er að nemendur með hreyfihömlun **noti sama inngang og bekkjarfélagarnir**, þeir upplifa sig þá frekar sem hluta af hópnum sem hefur góð áhrif á félagsleg tengsl og andlega líðan þeirra.

Huga þarf að útihurð, er hún of þung til að nemandinn ráði við að opna hana? Þetta á ekki aðeins við um þá sem eru í hjólastól, heldur einnig þá sem eru gangandi, en hafa lítinn kraft í bol og höndum. Að opna þunga hurð getur verið mikil hindrun og þurfa börnin því oft að sæta lagi og bíða eftir að einhver annar opni fyrir þau og eru þannig upp á aðra komin. Slík aðstaða getur haft áhrif á andlega líðan nemandans. Lausnin getur verið **að setja upp sjálfvirkan hurðaofnara, að nemendur fái aðgang að fjarstýringu á útihurð eða búnaði sem tengdur er við farsíma eða spjaldtölvu.**

Algengt er að lyftur í skólum séu læstar og ekki alltaf sjálfgefið að nemendur sem þurfa að nota lyftuna hafi eigin lykil. Sumir ráða ekki við að nota lykil. Reynslan sýnir að nemendur vilja hafa **sjálfstæðan aðgang að lyftunni** annað hvort með eigin lykli eða með því **að nota farsíma, en þá hringir nemandinn í** ákveðið númer og lyftan opnast.

Huga þarf að **aðstöðu í fataklefa**. Oft er best að nemandinn noti fatahólf sem er úti á enda, þar getur verið meira pláss til að athafna sig. Einnig getur þurft að finna aðstöðu fyrir bekk eða stóll í viðeigandi hæð.

Staðsetning kennslustofu getur skipt sköpum. Gott aðgengi skal vera frá aðalinngangi að kennslustofunni, stutt á salerni og í lyftu.

Finna þarf **geymsluaðstöðu fyrir hjálpartæki** sem nemandinn notar ekki að staðaldri. Margir nemendur með hreyfihömlun nota öflugan rafmagnshjólástól til að fara á milli skóla og heimilis, í frímínútum og í vettvangsferðum. Mælt er með að slíku tæki sé fundinn geymslustaður innandyra, til dæmis á gangi skólans nálægt útgangi. Gott er að staðsetja stólinn á góðri útidyramottu sem getur tekið í sig bleytu og aur og afmarkar um leið svæðið sem ætlað er fyrir tækið.

Aðgengi í skólastofu

Bekkir eru oft fjölmennir. Kennslustofur eru oft ekki nógu stórar, þar eru margir stólar, mörg borð og margar skólatöskur. Mikilvægt er að finna hvar best er fyrir nemandann að sitja, þannig að hann komist auðveldlega að og frá vinnuborði. Hann þarf e.t.v. að hafa pláss fyrir hjólástól eða göngugrind við vinnuborðið. Nemandinn þarf



að geta komist um stofuna án erfiðleika svo sem upp að kennaraborði, að ná í námsgögn og á salerni. Auk þess þarf hann að geta séð vel á töfluna og haft augnsamband við kennarann.

Í yngri bekkjum er algengt að uppröðun í kennslustofunni sé breytt með vissu millibili og skipta þá börnin um sæti eða vinna í hópum m.a. til að örva samskiptin o.fl. Eldri nemendur sækja tíma í mismunandi stofur eftir fögum og þurfa jafnvel að færa eigin vinnustól á milli. Hér má ekki gleyma mikilvægi ofangreindra þátta, þannig að tryggt sé að nemandinn komist í sæti sitt.

Nauðsynlegt getur verið að hafa aðgang að hvíldaraðstöðu í skólanum, en nemendur sem hafa t.d. slakan vöðvakraft geta þurft að hvíla sig á miðjum skóladegi. Skoða þarf hvar barnið getur haft hvíldaraðstöðu, t.d. á dýnu inni í skólastofunni eða á nærliggjandi sófa.





Setstaðan

- Stuðningur undir fætur
- Jafn þungi á báðum setbeinum
- Mjaðmagrind stöðug
- Stuðningur við bak
- Stöðugleiki í bol → ýtir undir góða handbeitingu

Góð vinnuaðstaða skiptir sköpum – vinnuaðstaða við borð

Stóllinn

Góð setstaða getur skipt sköpum við vinnuna. Við viljum öll ná með fætur niður á gólf, vera stöðug og með einhversskonar jarðsamband. Ef við sitjum lengi skökk fer okkur að líða illa í bakinu. Ekkert okkar hefur úthald í að sitja heila kennslustund með meiri þunga á öðru setbeininu. Við vinnu viljum við geta hallað okkur fram til að geta notað hendurnar vel, breytt um stöðu og hallað okkur aftur til að slaka á. Hversu mikinn stuðning við þurfum við bakið ræðst m.a. af því hvað við erum að gera.

Í dag er skólastarfið þannig skipulagt að meiri hluta skóladagsins situr nemandinn og vinnur við borð. Hvernig nemandinn situr hefur áhrif á handbeitingu. Eins og fram hefur komið, þá reynir stór hluti skólaverka á fínhyfivinnu og þar af er skrifleg verkefnavinna stærsti hlutinn. Fyrir nemendur með hreyfihömlun getur verið krefjandi að sitja í uppréttri stöðu m.a. vegna óstöðugleika í bol og hafa þessir nemendur því oft eigin vinnustól í skólanum sem er aðlagður að þeim. Skoða þarf hvernig stuðning nemandinn þarf. Mikilvægt er að **hann hafi góðan stuðning undir fætur**. Auk þess getur hann þurft **stuðning við bak, bol eða mjaðmir eða allt í senn**. Ef ekki er hugað að setstöðu, finnur nemandinn sér aðferðir til að halda sér stöðugum í sæti með ýmsu móti, eins og að halla sér fram á borðið eða út á hlið og styðja hönd undir kinn. Ef nemandinn notar hendurnar til að halda sér uppréttum krefst það mikillar orku og hefur truflandi áhrif á einbeitingu auk þess sem að það hefur afgerandi áhrif á handbeitingu.

Skólaborðið

Það er ekki nóg að vera með góðan vinnustól, einnig þarf að skoða borðið sem nemandinn vinnur við. Mikilvægt er að hann **sitji ekki of langt frá borðinu** því það getur haft áhrif á hvernig hann notar hendurnar við vinnuna. Borðið **þarf að vera í æskilegri hæð**, 3-6 sm fyrir ofan olnboga nemandans. Oft er mælt með því að **hálfhringur sé sniðinn úr borðplötu**. Þá kemst nemandinn nær borðinu, hefur stuðning undir handleggji og þar með aukinn stöðugleika. **Skáhallandi borðplata** getur gagnast einstaka nemanda, en aðalkostir hennar eru að hún örvar nemandann til að rétta úr mjóbaki og ýtir undir góða handbeitingu við skriftarvinnu. Auk þess er hún oft gagnleg fyrir nemendur sem hafa skerta sjón.



Vinnuborð

- Nemandinn sitji ekki of langt frá borðinu
- Vinnuborðið þarf að vera í æskilegri hæð
- Hálfhringur sniðinn úr borðplötu
- Skáhallandi borðplata



Félagsleg þátttaka

Talið er að þátttaka nemenda í skólastarfi hafi jákvæð áhrif á námsgetu, félagslega þátttöku og vellíðan. Rannsóknir sýna að virk þátttaka nemenda með sérþarfir í skólastarfi er minni en jafnaldra þeirra, auk þess sem slök félagsleg færni getur ýtt undir að nemendur með hreyfihömlun taki minni þátt í því sem fer fram í kennslunni. Félagsleg hlutverk nemenda með hreyfihömlun eru oft einhæfari en hjá jafnöldrum þeirra. Þeir eru oftast ekki í hlutverki þiggjenda og taka stundum að sér hlutverk sem enginn annar vill, t.d. að sjá um tímatöku í íþróttum. Það er því einkar mikilvægt að skólinn hlúi að félagslegri þátttöku og aðstæðum sem ýta undir félagsleg samskipti. Félagslegar aðstæður eru t.d. í frímínútum, íþrótt- og sundtímum, sérgreinatímum og í vettvangsferðum.

Frímínútur

Þegar nemendur fara út í frímínútur, þá eru allir að flýta sér út í leik. Nemandi með hreyfihömlun þarf oft lengri tíma en félagarnir til að ganga frá námsgögnum, koma sér í fataklefann, klæða sig í útifötin og fara út á leiksvæðið. Þegar út er komið eru félagarnir komnir í leik. Mælt er með því að skoða vel hverjar af ofangreindum athöfnum nemandinn á erfiðast með og sjá til þess að hann fái viðeigandi aðstoð til að geta komist út á sama tíma og félagarnir, í stað þess að þurfa að eyða hálfum frímínútunum í að klæða sig sjálfur.

Í frímínútum leika bekkjarfélagarnir sér oftast saman, en sumir nemendur taka ekki þátt, hætta sér ekki út á skólalóðina og halda sig upp við skólann. Ekki er æskilegt að nemandi í hjólastól sé keyrður um af stuðningsaðila eða hann keyrður inn í hópinn og skilinn þar eftir. Frekar er mælt með að farin sé sú leið að fyrir hverjar frímínútur sé búið að ákveða hvaða tveir bekkjarfélagar aðstoði nemandann úti í frímínútum á meðan stuðningsfulltrúinn heldur sig í fjarlægð. Gott er að fleiri nemendur skiptist á og mikilvægt að gæta að því að of mikið álag skapist ekki á einn eða fáa nemendur við að aðstoða féлага sinn í tímum sem og í frímínútum. Slík aðstoða getur haft neikvæð áhrif á vináttuna.

Vettvangsferðir

- Athuga búnað barnsins áður en skyndiákvæðanir eru teknar
- Velja stað sem allir hafa möguleika á að komast á
- Velja verkefni sem allir geta tekið þátt í eða sem hægt er að aðlaga
- Gera ráð fyrir hjálpartækjum og stuðningsfulltrúa

Íþróttir og sund

Rannsóknir sýna að það hefur truflandi áhrif á nemandann að vera tekinn út úr tímum í skólanum til að fara í einkatíma eða þjálfun en algengt er að nemandinn noti leikfimitímann til að fara í þjálfun. Þetta getur haft áhrif á félagsleg tengsl við bekkjarféлага og möguleika á samneyti við þá.

Mikilvægt er að skoða vel hvar íþrótt- og sundtímar eru í stundaskránni, þannig að tekið sé tillit til að nemendur með hreyfihömlun eru oft lengur að klæða sig en félagarnir, auk þess sem það tekur þá lengri tíma að fara á milli staða. Það er ekki alltaf góð lausn að nemandinn fari fyrir út úr tíma, því þá missir hann bæði hluta af kennslustund og er ekki samferða félögunum. Dæmi um góða lausn er að bekkurinn hafi íþróttir eða sund í fyrsta tíma, að nemandinn komi jafnvel í leikfimisfötunum innan undir fötunum eða að dagurinn endi á íþrótt- eða sundtíma. Sumir nemendur velja hreinlega að sleppa leikfimi og sundi og líta á það sem lausn að góðri aðlögun.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru vaxandi þáttur í skólastarfi. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar sýndu að eldri hreyfihamlaðir nemendur fóru aðeins í þær ferðir sem þeim var skylt að fara í vegna takmarkaðrar aðlögunar.

Flestir töldu að þeir fengju enga aðlögun í vettvangsferðunum auk þess sem sú aðlögun sem var í boði var ekki þess eðlis að allir hefðu tækifæri til að taka þátt.

Mikilvægt er að **athuga búnað barnsins áður en skyndiákvæðanir eru teknar**. Geta allir **komist á áfangastaðinn** eða þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að gera það mögulegt? Huga þarf að **vali á viðfangsefnum**, hafa þau fjölbreytt og **við allra hæfi**. Einnig þarf að skoða hvort nemandinn þurfi **stuðningsfulltrúa** sér til aðstoðar. Mikilvægt er að skipuleggja vettvangsferðir fram í tímann, bæði hvað varðar ferðamáta og ferðatilhögun. Velji bekkurinn t.d. að fara í Þórsmerkurferð þarf að athuga hvernig aðgengi er á staðnum. Gera þarf ráð fyrir að **hjálpertæki** komist með rútunni og að barnið geti m.a. keyrt um innandyra og notað salernið. Ef hópurinn ætlar í göngutúr þá þarf að skoða hvort nemandi sem notar rafmagnshjólástól geti komist fyrirhugaða leið akandi. Einnig væri hægt að skipta hópnum upp og hafa auðfarnari gönguleið líka á dagskránni.

Stuðningur - spyrjum börnin

Stuðningur við nemanda á að ýta undir þátttöku og auka færni hans í skólaumhverfinu. Að veita viðeigandi aðstoð er vandasöm og krefjandi nálgun og getur verið hárfín lína milli ákvörðunar um hvenær á að veita hana eða ekki. Því er mikilvægt að nemendur með hreyfihömlun fái tækifæri til að segja til um hvers konar stuðning þeir þurfa til að geta tekið virkan þátt í skólastarfi.

Reynslan sýnir okkur að nemendur hafa skoðun á sínum málum og eru oft með góðar lausnir. Mikilvægt er því að hafa nemendur með í ráðum frá upphafi sem og að hlusta á foreldra barnanna, þeir þekkja börnin sín best.

Sumir nemendur vilja geta valið úr hópi stuðningsaðila eða bekkjarfélaga hverju sinni meðan aðrir vilja hafa fastan aðila sér til stuðnings. Þetta þarf að skoða vandlega í hverju tilfelli fyrir sig í samvinnu við nemandann.

Til þess að stuðningur við nemandann skili sem bestum árangri þarf aðstoðin að vera markviss. Ef nemandi hefur marga stuðningsaðila er mikilvægt að einn skilgreindur aðili taki ábyrgð á málum nemandans og að nemandinn geti leitað til hans eftir þörfum.

Þjónustuteymi

Í skólum er það þekkt að stofnað sé þjónustuteymi sem samanstendur af fjölskyldu nemandans, starfsfólki skólans og utanaðkomandi þjónustuaðilum allt eftir því sem við á. Ekkert er því til fyrirstöðu að barn, sem er með þroska til að ræða sín mál, taki þátt í teymisvinnunni til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Tilgangur teymisvinnunnar er að fara yfir þætti er lúta að námi, þátttöku í leik og starfi og athöfnum daglegs lífs. Þjónustuteymið hefur reglulega fundi t.d. á 2 - 6 mánaða fresti.

Mikilvægt er að skoða hvað er fram undan eins og t.d. vettvangsferðir og ef eitthvað þarf að undirbúa sérstaklega í sambandi við þær. Reynsla fjölskyldunnar og hvernig hún vill forgangsraða málum er höfð að leiðarljósi.

Síðast en ekki síst

Þegar nemandi með hreyfihömlun hefur sína skólagöngu er áriðandi að hann og foreldrar hans upplifi að hann sé velkominn í skólann til jafns við önnur börn. Stöðugt mótlæti í daglegu umhverfi tekur á og getur haft afgerandi áhrif á líðan nemenda og fjölskyldu hans. Því er þýðingarmikið að barnið finni að það sé velkomið í skólann frá fyrsta skóladegi.

Siendurtekin neikvæð upplifun skilar sér í neikvæðri sýn nemenda á skólann. Því miður höfum við oftast en einu sinni heyrt nemendur segja „Ég er svo oft búinn að benda á þetta, en það er aldrei neitt gert“. Þessi neikvæða upplifun ýtir undir vanlíðan, nemandinn upplifir jafnvel að hann sé ekki velkominn og einungis til ama og vandræða fyrir skólann.

Eins og fram kom í upphafi gegnir skólinn mikilvægu hlutverki við að undirbúa nemandann til að takast á við lífið á fullorðinsárum. Skólinn er veigamikill þáttur í lífi hvernar manneskju og upplifun barns á skólagöngu hefur mótandi áhrif á sýn þess og líðan í framtíðinni. **Látum því ekki hindranir í umhverfinu koma í veg fyrir þátttöku nemandans í skólastarfi. Leggjum metnað okkar í að standa vel að málum frá upphafi skólagöngu og temjum okkur jákvætt hugarfar og lausnamiðaða nálgun.**



Til að nemandi með hreyfihömlun geti tekið þátt í leik og námi með bekkjarfélögum sínum er nauðsynlegt að skoða heildarmyndina af skólaumhverfi barnsins.

Í bæklingi þessum höfum við reynt að koma inn á það helsta sem þarf að huga að þegar barn með hreyfihömlun hefur skólagöngu sína, en hann er þó engan veginn tæmandi. Hver nemandi er einstakur og skoða þarf hvort þörf sé fyrir aðlögun hjá hverjum og einum í hans skólaumhverfi.

Við vonumst til að bæklingurinn komi skólafólki og foreldrum að gagni við að undirbúa skólagöngu nemanda með hreyfihömlun.

Við viljum þakka samstarfsfólki og vinum sem lásu bæklinginn og komu með góðar ábendingar og þeim börnum og foreldrum sem veittu okkur leyfi til að nota myndirnar í bæklingnum.

Jólagjafasjóður Guðmundar Andréssonar gullsmiðs og Jens og Hildur Hald's fond for almenvelgörende formål styrktu útgáfu bæklingsins.



Ritaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.

Antonia María Gestsdóttir, Erla Björnsdóttir og Inga Dís Árnadóttir (2002). „*Mig langar soldið til þess að geta gert svipað og aðrir krakkar: Eigindleg rannsókn á upplifun og reynslu nemenda með líkamlega fötlun á skólaumhverfi sínu og notagildi íslenskrar staðfæringar á matstækinu Upplifun Nemanda á Skólaumhverfi (UNS)*.” Óbirt BS. ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisdeild.

Björk Steingrimsdóttir og Þórunn R Þórarinsdóttir (2006). Mat nemenda með hreyfihömlun á skólaumhverfi. Að taka þátt eins og aðrir. Óbirt BS. ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisdeild.

Coster, W. J. og Haltiwanger, J. T. (2004). Social-behavioral skills of elementary students with physical disabilities in general education classrooms. *Remedial and Special Education*, 25, 95-103.

Giangreco, M. F., Edelman, S. W. og Luicelli, T. E. (1997). Helping or hovering? Effects of instructional assistant proximity on students with disabilities [Vefútgáfa]. *Teaching Exceptional Children*, 64, 7-18.

Hemmingsson, H. og Borell, L. (2000). Accommodation needs and student-environment fit in upper secondary schools for student with several physical disabilities. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 67, 162-172.

Hemmingsson, H. (2002). *Student-environment fit for students with physical disabilities*. Stockholm: Kongeliga Carolinska Medico, Chirurgiska Institutet.

Hemmingsson, H. og Borell, L. (2002). Environmental barriers in mainstream schools. *Child: Care, Health and Development*, 28, 57-63.

Hemmingsson, H., Hoffman, O., Snæfríður Þ. Egilson, Kielhofner, G., (2006). Mat nemenda á skólaumhverfi (MNS) The School Setting Interview (SSI) (útgáfa 3.0).

Kielhofner, G. (2002). *A model of human occupation: Theory and application* (3. útg.) Philadelphia; Lippincott Williams and Wilkins.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Quinn, P. (1998). *Understanding disability: A lifespan approach*. Thousands Oaks, CA: Sage.

Richardson, P. K. (2002). The school as social context: Social interaction patterns of children with physical disabilities. *The American Journal of Occupational Therapy*, 56, 296-304.

Simeonsson, R. J., Carlson, D., Huntington, G. S., McMillen, J. S. og Lytle Brent, J. (2001). Students with disabilities: A national survey of participation in school activities. *Disability and Rehabilitation*, 23, 49-63.



**Greiningar- og
ráðgjafarstöð ríkisins**

Digranesvegi 5
200 Kópavogur
Sími 510 8400
greining@greining.is
www.greining.is